

## **Ályktun** **um stöðu heilbrigðismála**

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn 20. október 2023 í Kópavogi óskar eftir að íslensk stjórnvöld endurskoði heildarskipulag og starfsemi heilbrigðiskerfisins án tafar og bregðist við þeim áskorunum sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir. Þeirri vinnu verður Læknafélag Íslands að koma að, eins og félagið hefur margsinnis kallað eftir á liðnum árum.

### **Greinargerð**

Íslenskt heilbrigðiskerfi stendur frammi fyrir ótal áskorunum:

- Aðgengi að heilbrigðiskerfinu hefur versnað mikið. Meira en helmingur þjóðarinnar hefur ekki fastan heimilislækni og bið eftir þjónustu er víða orðin óásættanleg.
- Bið eftir tíma hjá sérfræðilæknum lengist og þjónusta þeirra hefur dregist saman á milli ára.
- Öldruðum fjölgar á hverju ári og áþreifanlegur, vaxandi skortur er á úrræðum fyrir þennan hóp.
- Fjöldi innflytjenda á Íslandi hefur aukist á síðastliðnum árum og margir einstaklingar innan þess hóps þurfa sérstakan stuðning heilbrigðiskerfisins. Jafnframt sinna læknar aðkallandi heilbrigðisþjónustu flóttafólks. Mikilvægt er að vel sé að þessum málum staðið.
- Í landi með 400.000 íbúa og fimmfalt fleiri ferðamenn á ári reynir á þolmörk heilbrigðiskerfisins.
- Hér á landi hefur dagleg rúmanýting á sjúkrahúsum verið um eða yfir 100% árum saman sem er yfir alþjóðlegum viðmiðum og öryggismörkum.
- Læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk finnur fyrir síauknu álagi.
  - Árið 2022 unnu sérfræðilæknar hjá hinu opinbera langt umfram eðlilega vinnuskyldu.
  - Læknum sem eru fjarverandi vegna langtíma veikinda hefur fjölgað verulega.
  - Þeim sem hafa minnkað við sig vinnu vegna álags hefur fjölgað töluvert.
  - Nýútskrifaðir læknar sækja í auknum mæli í annað nám eða störf utan íslenska heilbrigðiskerfisins vegna álags.
- Fyrirspurnum í Heilsuveru til heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði úr 59.455 árið 2019 í 233.842 árið 2022, eða um nærri 400% á 3 árum. Þessi samskipti reyndust hrein viðbót við starfsemina. Læknar óska eftir rafrænum lausnum sem stuðla að hagræðingu í heilbrigðiskerfinu og draga úr álagi.